



Velferðarstefna Sveitarfélagsins Skagastrandar

Sveitarfélagið setur sér velferðarstefnu með það að markmiði að auka áherslu á vellíðan og bæta vinnuumhverfi starfsfólks. Sveitarfélagið leggur áherslu á að stuðla að öryggi og vernd starfsfólks jafnt líkamlega sem andlega. Velferðarstefnunni er ætlað að útfæra nánar og styðja við samþykktu mannauðsstefnu.

[Vinnuverndarlögin nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum](#) er grunnur fyrir atvinnurekendur til að byggja vinnuverndarstarf á og í [reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum](#) er farið yfir hvernig að vinnuvernd skuli staðið. Sveitarfélagið leggur allt kapp á að fylgja lögum og reglum um vinnuvernd t.d. með því að yfirfara reglubundið kosningu öryggistrúnaðarmanna og varða og yfirfara lögbundið áhættumat.

Ávinningur af virkri velferðarstefnu er

- Aukin áhersla á vellíðan og heilsu starfsfólks
- Aukin þekking og skilningur á mikilvægi forvarna, sbr. EKKO mál
- Aukið traust og betri samskipti milli starfsfólks og við íbúa sveitarfélagsins
- Fjarvistir vegna veikinda og vinnuslysa minnka

Viðaukar við velferðarstefnu

Sveitarfélagið starfar samkvæmt kjarasamningum sem og lögum og reglugerðum sem um sveitarfélög gilda. Viðaukarnir eru til að skýra nánari útfærslu, til að tryggja jafnræði og samræmda afgreiðslu mála.

1. Verklag vegna fjarvista starfsfólks og endurkomu eftir langtíma veikindi
3. Verklag varðandi vímuefnanotkun starfsfólks
4. Áætlun um forvarnir gegn einelti, kynferðislegt- og kynbundið áreiti og ofbeldi (EKKO)
5. Verklag vegna vinnuslysa og óhappa

Staðfest á fundi sveitarstjórnar 10. desember 2025

Alexandra Jóhannsdóttir
Sveitarstjóri